DV Helgin



Verið að hengja upp að Kjarvalsstöðum. DV-mynd GVA

Verk Ians Hamilton Finlay sýnd í Kjarvalsstöðum:

Mest umtalaði listamaður Skota

Á morgun, laugardaginn 9. janúar, hefst menningarhátíðin Skottís, skosk-íslenskir menningardagar, á því að opnuð verður sýning að Kjarvalsstöðum á verkum eftir Ian Hamilton Finlay. Ian Hamilton Finlay hefur hlotið alþjóðlega frægð sem ljóðskáld, myndlistarmaður og skrúðgarðahönnuður. „Finlay er eini listamaðurinn sem eitthvað kveður að í Skotlandi. Hann er einn af fimm frægustu listamönnum í heiminum. Hann byrjaði listferil sinn sem rithöfundur og ljóðskáld. Hann var sá fyrsti í Evrópu sem samdi konkret póetíu, uppsetningin á ljóðunum er hlutir," segir Þorri Hringsson, upplýsingafulltrúi Kjarvalsstaða.

Litla-Sparta, garður hans í Stonypath, Lanarkshire, sem hann hefur þróað í meira en 25 ár, er viðurkenndur sem eitt af mikilvægustu samtímalistaverkum í Evrópu.

„Garðurinn er heimili hans því að hann er sérvitringur sem fer ekki út úr garðinum. Hann þjáist af ótta við víðáttur og verður að vera í lokuðu rými. Hann hefur unnið í garðinum síðastliðin 25 ár að því að byggja upp garð sem er í raun og veru listaverk. Inn í garðinn hefur hann sett skúlptúra sem tengjast hinni upprunalegu garðhugmynd. Það þýðir að garðurinn á að vera sem náttúrulegastur en samt eiga að vera í honum hlutir sem minna fólk á að það sé statt í garði," segir Þorri.

Tengir ólík viðfangsefni

Árið 1961 hleypti Finlay af stokkunum Wild Hawthorn útgáfunni og hefur síðan framleitt meira en 800 verk undir merkjum þessarar útgáfu, þar á meðal póstkort, ljóð, tímarit, bæklinga af öllum stærðum og gerðum og jafnvel hlífar fyrir sultukrukkur.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum koma fyrir öll þekktustu viðfangsefni hans: sjórinn, fiskibátar, Arkadía og franska byltingin. Með því að tengja þessi ólíku viðfangsefni saman gefst hrífandi tækifæri til að sjá breiddina og samhengið í verkum Finlays í gegnum tíðina. Til að fullkomna þessar útgáfur eru einnig nokkrir neon-skúlptúrar sem margir hverjir eru byggðir á ljóðum og teikningum er litu fyrst dagsins ljós á prenti hjá Wild Hawthorn útgáfunni.

-em

Íslenska óperan:

Tvær efnilegar í píanó- og fiðluleik

Laugardaginn 9. janúar kl. 14.30 munu Margrét Kristjánsdóttir fiðluleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari halda tónleika í Íslensku óperunni.

Margrét Kristjánsdóttir lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1988. Hún hlaut styrk til framhaldsnáms við Mannes College of Music í New York og lauk þaðan B.M. prófi 1991 og mastersprófi frá sama skóla 1992. Margrét hefur tekið þátt í fjölmörgum tónlistarhátíðum í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada þar sem hún lék m.a. einleik í fiðlukonsert eftir Vivaldi ásamt kammersveit.

Nína Margrét Grímsdóttir lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1985 og hlaut styrki til framhaldsnáms í Englandi og Bandaríkjunum frá British Council og American-Scandinavian Foundation. Hún mun í ár ljúka Professional Studies námi frá Mannes College of Music í New York.



Margrét Kristjánsdóttir fiðluleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari.

Veitingastaðurinn:
Pasta Basta
– sjá bls. 18

Nýlista-safnið 15 ára
– sjá bls. 20

Banda-rísk utan-garðslist í Hafnar-borg
– sjá bls. 20

Pónik saman á ný
– sjá bls. 19

Hvernig verður helgar-veðrið?
– sjá bls. 24

Íþrótta-viðburðir helgar-innar
– sjá. bls. 23

Heiðurs-menn
– sjá bls. 22